

Samhentir Kassagerð hf.
Suðurhrauni 4a
210 Garðabæ

Akureyri, 11. júlí 2023
UST202305-269/H.Ö.J.
07.07.02

Niðurstaða eftirlits – Plöntuverndarvörur á markaði 2023 - Málslok

Umhverfisstofnun vísar til bréfs stofnunarinnar dags. 15.6.2023 um niðurstöðu eftirlits þar sem eru gerðar kröfur um úrbætur á plöntuverndarvörum á markaði sem fyrirtækið Samhentir Kassagerð hf. er ábyrgt fyrir markaðssetningu á.

Fyrirtækið hefur orðið við kröfum Umhverfisstofnunar um úrbætur og gerir stofnunin því ekki frekari athugasemdir, svo framarlega sem vörurnar eru ekki í sölu öðruvísi en í samræmi við úrbætur sem það hefur lagt fram vegna málsins.

Vakin er athygli á því að hér er eingöngu um að ræða eftirlit með plöntuverndarvörum sem féllu undir umfang eftirlitsverkefnisins og á þeim tíma sem eftirlitið fór fram. Hugsanlegt er að aðrar vörur sem Samhentir Kassagerð hf. setur á markað standist ekki kröfur efnalaga nr. 61/2013 eða reglugerða settra á grundvelli þeirra.

Gjald fyrir vinnu sérfræðings vegna eftirlits og beitingar þvingunarúrræða er innheimt í samræmi við gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 206/2023. Gefinn verður út reikningur fyrir gjaldinu að fjárhæð kr. 38.000.

Upplýsingar um plöntuverndarvörur má finna á heimasíðu Umhverfisstofnunar¹.

Fyrirtækinu er velkomið að leita til sérfræðings stofnunarinnar, Helgu Aspar Jónsdóttur, í síma 591-2000 eða gegnum netfangið helga.jonsdottir@umhverfisstofnun.is til að fá nánari upplýsingar.

Virðingarfyllt,

Helga Ösp Jónsdóttir
sérfræðingur

Hafdís Inga Ingvarsdóttir
sérfræðingur

¹ <https://ust.is/atvinnulif/efni/plontuverndarvorur/>